

Skýrsla um starfsemi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar maí 1999 - maí 2000

BIRGITTA SPUR

Sýningar

Sýning sú sem sett var upp í safninu haustið 1998 í tilefni níræðisafmælis Sigurjóns - og einnig útkomu fyrra bindis rits um Sigurjón - stóð til 1. júní 2000.

Þann 17. júní 1999 var opnuð sýning á úrvali verka eftir Sigurjón í Listasetrinu Kirkjuhvoli á Akranesi og stóð hún til 11. júlí. Fjórtán verk voru valin með tilliti til sýningarrýmisins, og nutu þau sín mjög vel þar. Sýningunni fylgdi bæklingur sem hafði að geyma upplýsingar um Sigurjón og skýringar við hvert verk.

Á sama hátt voru gerðir skýringatextar með verkum á sýningunni í LSÓ, bæði á ensku og á íslensku og hefur það mælst vel fyrir.

Þriðjudagstónleikar

Sumartónleikar safnsins 1999 hófust um miðjan júlí. Haldnir voru samtals sjö tónleikar á vegum safnsins og fram komu 15 tónlistarmenn. Menntamálaráðuneytið lagði fram sérstakan styrk að upphæð kr. 75.000 vegna tónleikahalds.

Aðrir tónleikar

Auk hinna föstu þriðjudagstónleika voru haldnir fimm tónleikar í safninu.

Önnur starfsemi

Að venju var salur safnsins rammi um móttökur og aðra atburði.

- > Þann 20. apríl 1999 voru afhent verðlaun úr menningarsjóði SJÓVÁ-ALMENN-AR.
- > Síðasta degi (11.06) endurmenntunarnámskeiðs Félags íslenskra myndmenntakennara var varið í Listasafni Sigurjóns. Þá flutti Aðalsteinn Ingólfsson meðal annars erindi um list Sigurjóns og hvernig mætti nýta sér hana í myndlistarkennslu.
- > Vegna fundar norrænna Oddfellow bræðra í Reykjavík var leiðsögn fyrir um 150 gesti 13. júní.
- > Þann 1. júlí var haldin kynning á rannsóknarverkefni á vegum SKREF FYRIR SKREF: „Gæði og jafnræði í ákvarðanatöku á sveitarstjórnarstigi“.
- > Sunnudaginn 11. júlí tók Listasafn Sigurjóns þátt í íslenska safnadeginum með sérstakri leiðsögn fyrir börn. Var aðsókn mjög góð.
- > Samkoma vegna útgáfu bókar eftir Pál Stefánsson á vegum Iceland Review var haldin þann 22. júlí.
- > 3. september var úthlutað tónlistarverðlaunum úr minningarsjóði Jean Pierre Jacquillat.
- > Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari og Guðríður Sigurðardóttir píanóleikari tóku upp geisladisk í salnum í september.
- > Þann 29. mars 2000 kynnti Þýðingarstofan Sprok starfsemi sína og íslenska útgáfu Windows 98 að viðstöddum menntamálaráðherra Birni Bjarnasyni.

Rannsóknir, útgáfustarfsemi

Síðara bindi ritverks *Sigurjón Ólafsson ævi og list* kom úr prentun 1. desember 1999. Var það seinna en vonir stóðu til, en þó tókst að senda inn óbundið eintak til dómnefndar vegna tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Þann 6. desember var tilkynnt að ritverkið í heild hlýti tilnefningu og mun það vera í fyrsta sinn að íslensk listaverkabók er tilnefnd. Þess má einnig geta að myndskreytt heildarskrár verka eftir íslenskan listamann hefur ekki áður verið gefin út. Er það von útgefanda að verkið í heild verði mikil lyftistöng fyrir frekari rannsóknir á list Sigurjóns og íslenska list almennt. Í kjölfar útgáfunnar var mjög jákvæð umfjöllun í fjölmiðlum og var einnig leitað til höfundar megintexta, Aðalsteins Ingólfssonar, um upplestur úr bókinni við ýmis tækifæri.

Bæði Menningarsjóður og Vísindasjóður Íslands/Rannís veittu útgáfustyrki.

Kynning

Gefinn var út nýr bæklingur á ensku um safnið sem sem Kristín Þorkelsdóttir hannaði.

Steinunn Harðardóttir tók tvö viðtöl við Birgittu, um safnið annars vegar og um Laugarnes hins vegar. Viðtölin voru flutt í þættinum Út um græna grundu í RÚV - rás 1 sumarið 1999.

Skipulagsmál

Lagningu holræsis gegnum Laugarnestúnið lauk á vordögum 1999 og grasfræi hefur verið sáð yfir. Deiliskipulag hefur verið kynnt fyrir íbúum hverfisins. Þann 5. október 1999 voru sendar ítarlega unnar athugasemdir frá LSÓ til Borgarskipulags Reykjavíkur um atriði sem mættu fara betur með tilliti til varðveislu hins sögulega búsetulandslags. Einnig var send inn lýsing á listaverkageymslu sem safninu er nauðsyn að byggja, og okkur hefur verið markaður reitur til þess - en með afar ströngum takmörkunum.

Í lokaorðum athugasemda var bent á að það þykir fagnaðarefni að nú skulu liggja fyrir drög að deiliskipulagi fyrir Laugarnes, þar sem tekið er tillit til þess að svæðið er afar verðmætt, bæði hvað snertir minjar, forna búsetu og menningarsögu. Einnig var bent á að farsæl lausn á skipulagsmálum nessesins yrði lyftistöng fyrir starfsemi safnsins í framtíðinni og lýstu forráðamenn safnsins sig reiðubúna til viðræðna og samstarfs um þjónustu við þetta þýðingarmikla menningarsvæði.

Vegalagning meðfram Tollvörugeymslunni hefur verið samþykkt af skipulagsyfirlöndum, þrátt fyrir nokkur mótmæli frá einstökum aðilum innan borgarkerfisins. Vegalagning þessi krefst breytingu á Aðalskipulagi og voru send mótmæli og athugasemdir frá forstöðumanni safnsins. Bent var á að vegur með þungaflutningsumferð mundi eyðileggja hið friðsæla yfirbragð Laugarness og að ekki hefði verið sýnt fram á að þessi nýi vegur sé nauðsynlegur fram yfir fyrri skipulagstillögur, þar sem komið er að svæðinu úr austurátt.

Eins og greint var frá í fyrri ársskýrslu hefur LSÓ farið fram á að rafmagns- og símalagnir út á nesið verði lagðar í jörðu sem allra fyrst. Viðkomandi stofnanir taka undir það, en ekki fyrr en að deiliskipulaginu samþykktu.

Uppsetning listaverka

Íslandsmerki

Í nóvember 1999 var *Íslandsmerki* endurreist á nýjum stað, á sjálfu Hagatorgi. Ljósastarar eru í stöpli listaverksins og lýsa upp með því. Þess var vandlega gætt að hafa lýsinguna milda og í réttu fjarlægð frá súlunum til að tryggja jafna lýsingu. Í þessum áfanga fékkst ekki fjárveiting til að ganga frá sporöskjulaga tjörn, sem á að umkringja verkið. Þó var talið mikilvægt að koma verkinu upp fyrir almennings sjónir, þótt enn yrði að bíða eftir endanlegum frágangi, því hátt í níu ár voru liðin frá því að súlurnar voru teknar niður til viðgerða.

Ég bið að heilsa

Vegna breytinga á innréttingum í Leifsstöð leituðu Ómar Kristjánsson flugvallarstjóri og Garðar Halldórsson arkitekt álit hjá LSÓ um heppilegustu staðsetningu fyrir listaverkið *Ég bið að heilsa*, sem frá upphafi hefur staðið í aðalgangvegi flugstöðvarinnar. Fundinn var staður miðsvæðis í nýinnréttaðri kaffistofu, þar sem myndin nýtur sín mjög vel.

Bronsafsteypur og eftirgerðir verka Sigurjóns

Á árinu sem leið lét safnið gera bronsafsteypu af andlitsmyndinni af séra Friðrik, en höfuðið af gifsmódeli styttunnar við Lækjargötu er til og í eigu KFUM.

Ráðstefnur

Forstöðumaður safnsins sótti ráðstefnu norrænna safnmanna (Skandinavisk Museumsforbund) í Visby á Gotlandi dagana 24.-27. september. Í þessari ferð heim-sótti Birgitta einnig Kristiania Kunst- og Metalstøberi í Oslo, þar sem fjöldi gipsverka eftir Sigurjón er í geymslu.

Sýningar árið 2000

Í samvinnu við Ásmundarsafn hefur Listasafn Sigurjóns unnið tillögu að norrænni sýningu árið 2000 í tilefni af kristnitöku íslendinga. Valin hafa verið verk eftir eftirtalda listamenn; frá Íslandi: Ásmundur Sveinsson, Sigurjón Ólafsson; frá Færeyjum: Samuel Joensen-Mikines; frá Danmörku: J. A. Jerichau, Olivia Holm-Møller, Robert Jacobsen, Svend Wiig Hansen og frá Noregi: Hannah Ryggen og Jakob Weidemann. Sýningin sækir heiti sitt í verk eftir Sigurjón: *Hærra til þín* og verður opnuð samtímis í Ásmundarsafni og í Listasafni Sigurjóns þann 5. nóvember nk. og mun standa til 14. janúar 2001. Þá fer sýningin til Þórshafnar í Færeyjum undir heitinu *Passionstoner* (en það vísar í verk eftir Ásmund Sveinsson). Í mars og apríl 2001 verður sýningin á Sophienholm í Lyngby við Kaupmannahöfn og þaðan fer hún til

Jótlands og verður sýnd í Museet for Religiøs Kunst í Lemvig. Gefin verður út myndskreytt sýningarskrá á íslensku og dönsku/norsku með greinum um listamennina. Biskup Íslands, Herra Karl Sigurbjörnsson mun rita inngangsorð. Sýningin nýtur styrkja frá Kristnihátíðarnefnd, Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000 og Norræna menningarsjóðnum.

Sumarnámskeið árið 2000

Í sumar er ráðgert að efna til 9 fimm daga námskeiða fyrir 11-14 ára krakka sem ber heitið: *Sagan í landslaginu - náttúra, búseta, minjar og list.*

Markmið námskeiðsins er að miðla fræðslu um samspil náttúru og manns, um þróun búskaparháttanna frá sjálfsþurftarbúskap til nútíma þjóðfélags, um borgamynd-un, húsagerðarlist og myndlist. Unnin verða verkefni sem tengjast náttúrufræði, fornleifafræði, byggðasögu og myndlist. Einnig verður brugðið út af með leikjum og í lok hvers námskeiðs verða umræður um það hvernig þátttakendur vilja að umhverfi þeirra verði á nýrri öld.

Gert er ráð fyrir að heilum degi verði varið á eftirtöldum stöðum: Í Kvosinni, Árbæjarsafni, Nesstofusafni á Seltjarnarnesi, Listasafni Sigurjóns á Laugarnesi og í Viðey, þar sem námskeiðinu lýkur með grillveislu.

LSÓ Árbæjarsafn, Nesstofusafn, Náttúrufræðistofnun og Viðey, Staðarhaldari standa að námskeiðinu og aðalleiðbeinandi er Sigríður Birna Valsdóttir kennari, en hún hefur skipulagt námskeiðin í samvinnu við aðstandendur þess. Námskeiðið hefur hlotið styrk frá Reykjavík Menningarborg 2000 og er á dagskrá hennar.

Safnmunir

Skráð listaverk í eigu LSÓ voru um áramótin 1999-2000 alls 366.

Útlán listaverka og geymslumál

Eins og undanfarin ár eru nokkur verk eftir Sigurjón til sýnis hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og í stigagöngum Sundaborgar við Kleppsveg. Listaverkæign safnsins er geymd í safninu og á Vitastíg 3. Enn eru gróf áhöld, vinnuborð Sigurjóns o.fl. geymd í gámi á lóð Landsvirkjunar við Hesthál.

Fjöldi safngesta

á árinu var 4.800.

Aðgangseyrir

Aðgangseyrir að sýningum safnsins hefur verið óbreyttur undanfarin ár: kr. 200 fyrir fullorðna, kr. 100 fyrir eldri borgara og frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna. LSÓ er nú orðinn aðili að Gestakorti Reykjavíkur. Handhafar þess greiða ekki sérstaklega fyrir aðgang, en safnið skráir fjölda þeirra og mun fá þóknun fyrir. Tekjur Gestakortsins er sala á kortunum.

Opnunartími

1. júní - 31. ágúst: Allir dagar nema mánudagar kl. 14 - 17

1. sept.- 31. maí: laugardagar og sunnudagar kl. 14 - 17

Í desember og janúar er safnið aðeins opið samkvæmt samkomulagi.

Fastir starfsmenn

Í föstu starfi hjá safninu eru forstöðumaður í fullu starfi og Geirfinnur Jónsson í hlutastarfi. Helga Guðmundsdóttir og Laufey Einarsdóttir, sem báðar eru í listsögunámi erlendis, voru í hlutastarfi og Steinunn Þórhallsdóttir vann sérstök verkefni í sambandi við handritalestur og fleira.

Stjórnarfundir

Sameiginlegur fundur stjórnar og ritnefndar var haldinn 1. júní 1999 og þar að auki var haldinn fjöldi ritnefndarfunda, sem dreifðist yfir árið.

Stjórn LSÓ skipa

Birgitta Spur (formaður), Hlíf Sigurjónsdóttir, Aðalsteinn Ingólfsson, Anna Einarsdóttir og Gísli Sigurðsson. Varamenn eru Geirfinnur Jónsson og Karólína Eiríksdóttir.

Fulltrúaráð LSÓ skipa

Anna Einarsdóttir, Björg Þorsteinsdóttir, Brynja Benediktsdóttir, Erlingur Jónsson, Gísli Sigurðsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Karólína Eiríksdóttir, Kristján Guðmundsson, Ólafur Ó. Johnson, Pétur Guðmundsson (varaformaður) og Sigmundur Guðbjarnason.

Formaður fulltrúaráðs frá upphafi, Ingi R. Helgason hrl., lést þann 10. mars 2000.

Stjórn Styrktarsjóðs LSÓ skipa

Baldvin Tryggvason, Birgitta Spur og Matthías Johannessen.

Endurskoðandi safnsins

er Árni Snæbjörnsson, löggiltur endurskoðandi.

Þriðjudagstónleikar LSÓ 1999

- 13.07.99 **Guðrún Jóhanna Jónsdóttir** sópran og **Guðríður S. Sigurðardóttir** píanó.
Lög eftir Roger Quilter, Manuel de Falla, Joaquín Turina og Frank Bridge.
- 27.07.99 **Eydís Franzdóttir** óbó, **Kristín Mjöll Jakobsdóttir** fagott og **Unnur Vilhelmsdóttir** píanó.
Verk eftir Madeleine Dring, Jean Francaix og Hróðmar Inga Sigurbjörnsson.
- 03.08.99 **Jörgen Brilling** gítarleikari frá Þýskalandi.
Verk eftir Astor Piazzolla, Niccolò Paganini, Manuel Maria Ponce og Agustín Barrios-Mangoré.
- 10.08.99 **Gerður Bolladóttir** sópran og **Júlíana Indriðadóttir** píanó
Lög eftir m.a. Mozart, Debussy, Schumann, Wagner, Grieg og Pál Ísólfsson.
- 17.08.99 *Blásaratrió:* **Peter Tompkins** óbó, **Matej Sarc** óbó og **Daði Kolbeinsson** enskt horn.
Verk eftir Isang Yun, Anton Wranitzky og Ludwig v. Beethoven.
- 24.08.99 **Angela Spohr** sópran og **Þóra Fríða Sæmundsdóttir** píanó.
M.a. verk eftir Ann Boleyn, Mariu Stuart, Grete v. Zieritz og Lili Boulanger.
- 31.08.99 **Arna Kristín Einarsdóttir** flauta og **Geir Rafnsson** slagverk.
Verk eftir W. Cahn, Scott Kennedy-French, Toru Takemitsu og eigin tónsmíðar.